



## FUNDARGERÐ

- Yfirskrift / efni:** 14. fundur stjórnar KLÍ, 2011-2012  
**Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ  
**Hvenær:** Miðvikudagur 22.02.2012 kl. 17:30
- Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður  
Höskuldur Höskuldsson (HH) varaformaður  
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari  
Ólafur Páll Vignisson (ÓPV) gjaldkeri
- Boðuð forföll:** Ingi Geir Sveinsson (IGS) meðstjórnandi
- Fjarverandi:**  
**Fundarritari:** ÞI

**Helstu mál:** Fundargerð s.f., þing, mars/apríl og önnur mál.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar:

Samþykkt.

#### 2. Þing KLÍ:

Þingið verður haldið 2. maí. ÍR-heimilið er staðfest. Fyrri þingboð er farið út. Hafsteinn Pálsson verður þingforseti. Formannafundur væntanlega 11/4, sem er miðvikudagur. Bikar og deildarbikar sitthvoru megin við og úrslitakeppnin ekki byrjuð. Senda þarf út seinna þingboð, kjörbréf og tillögur í síðasta lagi 17/4.

#### 3. Mars/apríl:

ÞI verður fjarverandi þar til eftir páska og mun HH sjá um að verðlaunaafhendingu í þeim keppnum sem lýkur á þeim tíma. ÞI minnti stjórnarmenn að þeir þyrftu væntanlega að leggja hönd á plóginn við Íslandsmót einstaklinga með forgjöf.

ÞI heyrði í þeim sem eru með viktina langþráðu og það varð einhver töf frá framleiðanda, en hún ætti að vera send af stað í byrjun mars. Ef hún kemur á meðan ÞI er erlendis munu stjórnarmenn/starfsmaður sjá um að tolla og taka á móti henni. KLÍ hlaut 150 þúsund króna styrk frá Menntamálaráðuneytinu vegna kaupanna og þarf að skila greinagerð og reikningum vegna styrksins.

Keppnisskírteini þau sem þurfti að bæta við eru komin, ÞI er búinn að panta límmiðana fyrir 2012. Rukkanirnar eru að fara út á félögin.

#### 4. Önnur mál:

Verkefnasjóður ÍSÍ – KLÍ hlaut 150 þúsund króna styrk vegna þjálfaranámskeiðsins sem var haldið í desember.

Fjárhagsáætlun v/EM U18 – Landsliðsnefnd (VG) sendi áætlun þann 12/2 og var hún samþykkt.

Afmæli KLÍ – ÞI leitaði álits hvort þyrfti að koma á fót nefnd vegna afmælisins, en þess var ekki talið þörf, einnig verður komin ný stjórn í byrjun maí sem vill væntanlega eitthvað að hafa með það að gera. Ákveðið var þó að bóka sal í ÍSÍ, þann 29/6, ÞI mun sjá um það.

Viðurkenningar – ÞI kynnti tillögu um 6 einstaklinga sem hann telur að sæma eigi silfurmerki KLÍ á afmælinu, og leitar eftir fleiri tillögum frá stjórnarmönnum.

Landsliðsmál – Fulltrúi stjórnar í landsliðsnefnd var ekki á fundinum en okkur skilst að búið sé að tilkynna þáttöku í þeim mótum sem ætlað er að taka þátt í á árinu, að ECC undanskildu. Annar undirbúningur er misjafnlega á veg kominn.

Afreksstefna – Þí sótti málþing ÍSÍ um afreksstefnur og fékk Sigríði Klemensdóttur til liðs við sig. KLÍ á töluvert verk fyrir höndum að útbúa raunhæfa stefnu og það fyrsta sem þarf að gera er að setja markmið. Vonandi verður þetta eitthvað sem fer fyrir þing KLÍ og gott væri að það komi þaðan grunnur sem hægt sé að fara að byggja á. Það var mál framsögumanna á málþinginu að samböndin ættu að vera óhrædd að fá lánað úr afreksstefnum annarra sambanda og ÍSÍ.

Tölvukaup – Fartölva sambandsins er komin til ára sinna og er nú hjá tækninefnd. Stjórn ákvað að festa kaup á nýrri fartölvu, til notkunar fyrir nefndir og starfsmann sambandsins. Þí og ÓPV munu vinna í því.

Netþjónninn – Netþjónninn sem heimasíða KLÍ er vistuð á hefur a.m.k. tvisvar verið óaðgengilegur vegna þess að diskurinn hefur fyllst. ÞH hefur tekið til á honum og telur að ekki verði vandamál í bráð, en stjórn er á því að þetta þurfi að skoðast betur og sjá hvort og hvaða uppfærslur ættu að eiga sér stað.

Ríkisstyrkur – Komin er tala á ríkisstyrkinn fyrir 2012 og lækkar hann aðeins. ÓPV þarf að senda inn skilagrein áður en síðasta greiðslan verður greidd í haust.

Kærur – Kæra Arnars Sæbergssonar er hjá dómstól ÍSÍ og mun stjórn ekkert aðhafast fyrr en eitthvað kemur frá honum. Aðrar kærur eru hjá aganefnd KLÍ og væntir ÓPV að úrskurðir komi öðru hvoru megin við helgina.

Fundi slitið 18:50 – næsti fundur 1. febrúar 2012.